

Ágúst 1996

112

Fréttabréf

Kjararannsóknarnefndar
1. ársfjórðungur 1996

Skilgreiningar

- Kjararannsóknarnefnd:* Nefndin, sem er sjálfstæð stofnun, er samstarfsnefnd aðila vinnu- markaðarins og er skipuð fulltrúum ASÍ, VSÍ, SI og VMS.
- Meðaltímakaup:* Útborguð laun (þ.e. allar tekjur á tímabilinu) deilt með fjölda unninna stunda.
- Hreint tímakaup:* Laun án orlofs fyrir dagvinnu að viðbættum hvers kyns aukagreiðslum svo sem yfirborgunum, fæðis-, ferða-, fata- og verkfæraþeningum deilt með dagvinnutímum. Þessi stærð er því hlutur dagvinnu í meðaltímakaupi.
- Greitt tímakaup:* Hreint tímakaup að viðbættu bónusálagi.
- Meðalvinnutími:* Meðalvinnustundafjöldi í yfirvinnu er fundinn út frá þeim sem vinna fleiri en 400 dagvinnustundir á ársfjórðungi og útkoman síðan hækkuð upp til samræmis við 40 stundir í dagvinnu.
- Kaupmáttur:* Kaupmáttarútreikningar í 4. kafla fréttabréfsins byggja á breytingum á greiddu tímakaupi og vísitölu neysluverðs.
- Fast starf:* Þeir einstaklingar sem eru í úrtaki á þremur samliggjandi ársfjórðungum teljast í föstu starfi á miðársfjórðungnum.
- Fullt starf:* Þeir einstaklingar sem vinna fleiri en 400 dagvinnustundir á ársfjórðungi teljast vera í fullu starfi.

Útgefandi:
Kjararannsóknarnefnd
Bolholti 4
Ábm. Benedikt Davíðsson

FRÉTTABRÉF
112

Kjararannsóknarnefnd er
þannig skipuð í ágúst 1996:

Benedikt Davíðsson, formaður
Hannes G. Sigurðsson
Björn Grétar Sveinsson
Jóngeir Hlinason
Magnús L. Sveinsson
Þórarinn Gunnarsson

EFNISYFIRLIT

1 Helstu niðurstöður	3
1.1 Samanburður við 1. ársfj. 1995	3
1.2 Samanburður við 4. ársfj. 1995	5
1.3 Paraður samanburður	5
1.4 Úrtakssveiflur og launaþróun málmíðnaðarmanna	9
2 Úrtak Kjararannsóknarnefndar	11
3 Tímakaup	14
4 Tímakaup og kaupmáttur	22

MYNDIR

Breyting á greiddu tímakaupi frá 1. ársfj. 1995 til 1. ársfj. 1996	3
Breytingar á greiddu kaupi paraðs úrtaks milli 1. á.fj. '95 og 1. á.fj. '96	7 - 8
Skipting úrtaksins í starfsstéttir og atvinnugreinar	11
Kaupmáttur greidds tímakaups hjá starfsstétum	32

1 Helstu niðurstöður

Fréttabréf Kjararannsóknarnefndar kemur nú út á nokkuð breyttu formi. Miklar breytingar standa nú yfir hjá nefndinni varðandi gagnasöfnun og úrvinnslu upplýsinga um laun og vinnutíma. Þessar breytingar má annars vegar rekja til þarfa samningsaðila vinnumarkaðarins fyrir ýtarlegri og öruggari upplýsingar og hins vegar til væntanlegra skuldbindinga Íslendinga vegna EES-samningsins um samræmdar launakannanir. Breytingarnar eru gerðar í samvinnu við Hagstofu Íslands og Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna.


Vegna breytinganna mun verða veruleg röskun á gagnaöflun og mun Kjararannsóknarnefnd því einungis birta upplýsingar um laun og launabreytingar helstu starfsstétta á yfirstandandi ári.

1.1 Samanburður við 1. ársfjórðung 1995

Greitt tímakaup landverkfólks innan ASÍ hækkaði um 6,4% frá 1. ársfj. 1995 til sama tíma 1996 samkvæmt úrtaki Kjararannsóknarnefndar (sjá töflu 1.1). Á sama tíma hækkaði vísitala neysliverðs um 1,9%. Samkvæmt því jókst kaupmáttur greidds tímakaups um 4,4%.

Á miðjum 1. ársfj. 1995 hækkuðu allir kauptaxtar um 2.700 kr. á mánuði. Að auki hækkuðu laun undir 84.000 kr. sérstaklega um allt að 1.000 kr. eftir ákveðnum reiknireglum. Þar sem um krónutöluhækkun er að ræða er hlutfallsleg hækkun mest á lægstu kauptöxtum, allt að 8,5%, og fer hún minnkandi eftir því sem taxtarnir hækka. Þann 1. janúar 1996 hækkuðu svo laun iðnaðarmanna um 3% en annarra starfsstétta um 2.700 kr.

Starfsstéttir	Vog %	Greitt tímakaup	Breyting %	Meðal tímakaup	Breyting %
Verkakarlar	33	485	6,2	577	7,4
Verkakonur	19	454	7,8	510	7,8
Iðnaðarmenn	19	664	4,1	758	6,1
Afgr.karlar	4	572	5,3	656	4,7
Afgr.konur	8	418	9,5	491	11,2
Skrifst.karlar	7	814	5,7	874	5,5
Skrifst.konur	10	664	8,6	705	9,3
ASÍ-landv.fólk	100	552	6,4	628	7,3



Launabætur voru greiddar í maí og desember 1995 til þeirra sem sem voru í fullu starfi og höfðu lægri þriggja mánaða meðallaun en 80.000 kr. Í maí 1995 var greidd 8.000 kr. orlofsuppbót og í desember var greidd 20.000 kr. desemberuppbót. Í samantekt Kjararannsóknarnefndar eru ofangreindar eingreiðslur ekki teknar með inn í útreikninga á tímakaupi.

Samkvæmt úrtaki Kjararannsóknarnefndar hækkaði tímakaup allra starfsstétta á tímabilinu. Tímakaup verkafólks hækkaði um 6-8% en iðnaðarmanna um 4%. Tímakaup afgreiðslu- og skrifstofufólks hækkaði hins vegar nokkuð mismunandi eða um 5-9%. Fróðlegt er einnig að skoða myndirnar í kafla 1.3 um paraðan samanburð, en þær sýna launabreytingar einstaklinga innan starfsstétta milli tímabila.

Niðurstöður Kjararannsóknarnefndar eru byggðar á úrtakskönnunum sem eru háðar ýmsum sveiflum, m.a. vegna mismunandi samsetningar vinnuafls eftir árstíðum. Þess vegna gefur yfirlit yfir lengra tímabil gleggri mynd af þróun launa en samanburður milli tveggja ársfjórðunga.

Meðaltímakaup hækkaði um 7,3% frá 1. ársfj. 1995 til sama tíma 1996 samkvæmt úrtaki nefndarinnar (sjá töflu 1.1). Meðaltímakaup hækkaði hjá öllum starfsstéttum. Hjá flestum starfsstéttum var hækkun meðaltímakaups 5 - 9% en þó mest hjá afgreiðslukonum 11,2%.

Vinnutími ASÍ-landverkafólks í fullu starfi lengdist um 0,6 stundir frá 1. ársfj. 1995. Vinnutími lengdist hjá verkakörllum, iðnaðarmönnum, afgreiðslu- og skrifstofukonum en stóð í stað og styttest lítillega hjá skrifstofukörllum, verkakonum og afgreiðslukörllum. Mest var vinnutímalengingin hjá verkakörllum en vinnuvika þeirra lengdist að meðaltali um 1,2 stundir. Tafla 1.2 sýnir að meðalvinnutími fólks í fullu starfi mælist 47,3 stundir á 1. ársfj. 1996.

Starfsstéttir	Meðalfjöldi vinnustunda á viku hjá fólki í fullu starfi		
	1. ársfj. 1995	1. ársfj. 1996	Breyting tímar
Verkararlar	50,2	51,4	1,2
Verkakonur	45,3	45,1	-0,2
Iðnaðarmenn	47,2	48,0	0,8
Afgr.karlar	47,5	47,3	-0,2
Afgr.konur	45,8	46,3	0,5
Skrifst.karlar	41,4	41,4	0,0
Skrifst.konur	40,6	41,1	0,5
ASÍ-landv.fólk	46,7	47,3	0,6

Á grundvelli framangreindra upplýsinga um meðaltímakaup og meðalvinnutíma má reikna út viku- og mánaðarlaun einstakra starfshópa miðað við fullt starf (sjá töflu 1.3).

Mánaðarlaun ASÍ-landverkafólks hækkuðu að meðaltali um 8,7% frá 1. ársfj. 1995 til sama tíma 1996 og jókst kaupmáttur mánaðarlauna að meðaltali um 6,7%. Mánaðarlaun hækkuðu hjá öllum starfsstéttum frá rúmlega 4% til rúmlega 12% (sjá töflu 1.3).

Starfsstéttir	Viku- laun	Mánaðar- laun	Viku- laun	Mánaðar- laun	Breyting Breyting	Breyting kaupmáttar
	1995:1	1995:1	1996:1	1996:1	%	%
Verkakarlar	25.500	116.800	29.600	128.400	9,9	7,9
Verkakonur	19.900	92.900	23.000	99.700	7,3	5,3
Iðnaðarmenn	33.600	146.100	36.400	157.700	7,9	5,9
Afgr.karlar	28.000	126.300	31.000	131.700	4,3	2,4
Afgr.konur	19.600	86.000	22.700	96.600	12,3	10,2
Skrifst.karlar	31.600	144.400	36.200	152.400	5,5	3,5
Skrifst.konur	24.800	110.100	29.000	122.100	10,9	8,8
ASÍ-landv.fólk	27.200	117.000	29.600	127.200	8,7	6,7

1.2 Samanburður við 4. ársfjórðung 1995

Greitt tímakaup ASÍ-landverkafólks hækkaði um 2,6% frá 4. ársfj. 1995 til 1. ársfj. 1996 samkvæmt könnuninni (sjá töflu 1.4). Þar sem umsamdar launahækkningar voru að lágmarki 3% á milli fjórðunganna ættu launabreytingar ekki að mælast minni, en skýringa á þessum mismun er að leita í breytingum á samsetningu úrtaksins.

Meðaltímakaup ASÍ-landverkafólks hækkaði um 2,8% (sjá töflu 1.4).

Vinnutími ASÍ-landverkafólks í fullu starfi styttest um 0,3 stundir milli 4. ársfj. 1995 og 1. ársfj. 1996. Meðalvinnutími styttest á tímabilinu hjá öllum starfsstéttum nema verkakörlum og skrifstofukonum (sjá töflu 1.4).

Starfsstéttir	Vog %	Greitt tímakaup	Meðaltímakaup	Breyting
		% breyting	% breyting	vinnutíma
Verkakarlar	33	1,7	2,6	0,6
Verkakonur	19	3,1	2,8	-0,6
Iðnaðarmenn	19	3,3	2,6	-1,1
Afgr.karlar	4	2,6	0,8	-1,9
Afgr.konur	8	3,9	1,7	-1,8
Skrifst.karlar	7	-0,9	-1,1	-0,3
Skrifst.konur	10	5,5	5,6	0,1
ASÍ-landv.fólk	100	2,6	2,5	-0,3

1.3 Paraður samanburður

Parað úrtak samanstandur af launafólki sem var í úrtaki nefndarinnar bæði á 1. ársfj. 1995 og 1. ársfj. 1996. Á meðfylgjandi súlurítum eru sýndar breytingar á greiddu tímakaupi launafólks í þöruðu úrtaki, skipt eftir starfsstéttum. Á lárétta ásnum má lesa breytingar á greiddu kaupi í prósentum en á lóðrétta ásnum hlutfall launafólks sem fékk hverja prósentubreytingu. Skyggða svæðið afmarkar launabreytingar milli marka efri og neðri fjórðungs breytinga, og sýnir því þær launabreytingar sem helmingur launafólks í paraða úrtakinu fékk.

Launabreytingar fyrir utan skyggða svæðið geta ýmist verið vegna raunverulegra breytinga eða villna í þeim gögnum sem nefndinni berast og því óvarlegt að túlka niðurstöður á grundvelli þeirra. Við túlkun niðurstaðna er því aðaláhersla lögð á þær breytingar sem skyggða svæðið afmarkar.


Lóðréttan línan sýnir miðtölu launabreytinga fyrir allt paraða úrtakið en örin bendir á meðaltalslaunabreytingu fyrir skyggða svæðið.

Myndin fyrir ASÍ-landverkafólk sýnir t.d. að launabreytingar á skyggða svæðinu hafa verið á bilinu rúmlega 4% til rúmlega 13%, en algengustu hækkanimar voru 5% og 8%. Örin sýnir að meðallaunahækkunin hafi verið rúm 8% á skyggða svæðinu.


Súlurnar og skyggðu svæðin sýna vel hvernig dreifing launabreytinga er mismunandi eftir starfsstéttum.

Myndir 1.2 - 1.5 Breytingar á greiddu kaupi paraðs úrtaks milli 1. ársfj. 1995 og 1. ársfj. 1996


Verkakarlar




Verkakonur



Iðnaðarmenn




ASÍ-landverkafólk




Myndir 1.6 - 1.9 Breytingar á greiddu kaupi paraðs úrtaks milli 1. ársfj. 1995 og 1. ársfj. 1996


Afgreiðslukarlar




Afgreiðslukonur



Skrifstofukarlar



Skrifstofukonur



1.4 Úrtakssveiflur og launaþróun málmíðnaðarmanna

Undanfarið hefur töluvert verið fjallað um launaþróun málmíðnaðarmanna á höfuðborgarsvæðinu og deilur spunnist um túlkun niðurstaðna Kjararannsóknarnefndar fyrir árið 1995. Miklar hækkanir mældust á greiddu tímakaupi málmíðnaðarmanna á höfuðborgarsvæðinu innan ársins og eðlilegt að á grundvelli þeirra upplýsinga hafi verið dregnar þær ályktanir að verulegt launaskrið hafi átt sér stað.

Þetta gefur tilefni til að fjalla sérstaklega um gæði launakannana, einkum þá þætti sem geta valdið sveiflum í niðurstöðum, og í framhaldi af því að meta hvort hina mældu launaþróun málmíðnaðarmanna á síðasta ári megi rekja til annarra þátta en launaskriðs.

Úrtakssveiflur

Niðurstöður Kjararannsóknarnefndar eru byggðar á úrtakskönnunum sem eru háðar ýmsum sveiflum, til dæmis vegna mismunandi samsetningar vinnuafis eftir árstíðum. Mikill fjöldi skólafólks á vinnumarkaði, á sama tíma og launafólk með langa starfsreynslu er í sumarleyfi, hefur að sjálfsgöðu áhrif á reiknuð meðallaun. Sveiflur í niðurstöðum geta einnig orðið af tæknilegum ástæðum, t.d. vegna eðlilegrar endurnýjunar fyrirtækja sem taka þátt í könnunum og einnig geta upplýsingaskil einstakra fyrirtækja verið óregluleg.

Úrtak Kjararannsóknarnefndar nær að jafnaði til um 10 - 12.000 einstaklinga sem starfa hjá u.þ.b. 100 fyrirtækjum. Nefndin hefur ávallt lagt megin áherslu á túlkun niðurstaðna fyrir sjö starfsstéttir; verkakarla og -konur, iðnaðarmenn, afgreiðslukarla og -konur og skrifstofukarla og -konur. Til að takmarka áhrif sveiflna á niðurstöður þessara hópa eru notaðar sérstakar atvinnugreina- og starfsstéttavogir við útreikninga. Um þetta er fjallað nánar í kafla 2, um úrtak og aðferðir Kjararannsóknarnefndar. Að baki þessara hópa hefur nefndin einnig skilgreint mikinn fjölda starfsgreina og eru niðurstöður einnig birtar vegna þeirra.

Nánari sundurliðun úrtaksins í starfsgreinar eftir kynjum og landssvæðum leiðir óhjákvæmilega til þess að færri launamenn og vinnustundir liggja að baki niðurstöðunum og verða þær því mun næmari fyrir breytingum á samsetningu úrtaksins. Til að fá sem gleggsta mynd af þróun launa einstakra starfsgreina er því nauðsynlegt að skoða bæði lengra tímabil og taka tillit til fjölda vinnustunda sem liggja að baki niðurstöðunum. Í þessu sambandi er það ekki fjöldi vinnustunda sem er höfuðatriði, heldur þær breytingar sem verða á fjölda vinnustunda á samanburðartímabilinu. Ef miklar breytingar verða bendir það til þess að úrtakið sé óstöðugt, hvað varðar viðkomandi starfsgrein, og gerir túlkun niðurstaðna erfiðari. M.a. vegna þessa birtir Kjararannsóknarnefnd ávallt upplýsingar um fjölda vinnustunda að baki niðurstöðum hverrar starfsgreinar.

Á hverjum ársfjórðungi má vafalaust finna niðurstöður fyrir einhverja þeirra tæplega eitthundrað starfsgreina sem ekki geta talist eðlilegar. Nefndin hefur hingað til ekki gert sérstaka fyrirvara um niðurstöður fyrir einstaka starfsgreinar, en vísað almennt til þeirrar óvissu sem ávallt fylgir könnunum af þessu tagi.

Úrtak málmíðnaðarmanna á höfuðborgarsvæðinu var mjög óstöðugt á árinu 1995 eins og sjá má í töflu 1.6. Á 1. ársfjórðungi 1995 voru 76 þúsund vinnustunda á bak við niðurstöðurnar, á 4. ársfjórðungi voru það einungis 30 þúsund vinnustundir. Nánari skoðun leiðir í ljós að fækkun vinnustunda má fyrst og fremst rekja til óvenju lélegra skila nokkurra fyrirtækja. Þetta veldur því að fara verður varlega í túlkun niðurstaðna, því líkur eru á að þessar sveiflur í úrtaksstærð hafi áhrif á niðurstöður mælinganna. Úrtak málmíðnaðarmanna á landsbyggðinni var hins vegar nokkuð stöðugt á tímabilinu.

Tafli 1.6 Þúsundir vinnustunda að baki niðurstöðum fyrir málmíðnaðarmenn 1995 og 1996	Höfuðborgarsvæði Landsbyggð	
1. ársfj. 1995	76	90
2. ársfj. 1995	66	88
3. ársfj. 1995	41	76
4. ársfj. 1995	30	92
1. ársfj. 1996	64	83

Til þess að ganga úr skugga um það hvort og þá af hversu miklu leyti þessar miklu sveiflur hafa haft áhrif á niðurstöður mælinga fyrir málmíðnaðarmenn getur nefndin borið saman launaþróun sömu einstaklinga milli ára (paraður samanburður).

Launaþróun málmíðnaðarmanna

Laun málmíðnaðarmanna hækkuðu í kjarasamningum þann 22. febrúar 1995 um 2.700 kr. á mánuði, eða kr. 15,58 á vinnustund. Þetta telst vera 2,6% hækkun á greiddu tímakaupi á 1. ársfj. 1995. Þetta var eina umsamda hækkunin á árinu. Samkvæmt launakönnun nefndarinnar hækkaði tímakaup málmíðnaðarmanna á höfuðborgarsvæðinu um 12,5% frá 4. ársfj. 1994 til 4. ársfj. 1995. Þessi mismunur er megin ástæða umræðunar um launaskrið. Nánari athugun leiðir hins vegar í ljós að ástæða þessara miklu hækkunar er fyrst og fremst vegna breytinga á samsetningu úrtaksins, en það minnkaði um 2/3 á þessu tímabili. Sé launaþróun þeirra einstaklinga sem voru í úrtakinu bæði á 4. ársfj. 1994 og 1995 skoðuð mælist hækkun þeirra mun minni, eða 5,7%. Hækkunin er allnokkuð umfram umsamda launaþróun en þó helmingi minni en niðurstöður fréttabréfsins fyrir 4. ársfj. 1995 gáfu til kynna.

Þann 1. janúar 1996 hækkuðu laun málmíðnaðarmanna um 3% samkvæmt kjarasamningum. Umsamin launahækkun á milli 1. ársfj. 1995 og 1996 er því 4,5%. Niðurstöður launakönnunarinnar sýna að á 1. ársfjórðungi 1996 mælist greitt tímakaup málmíðnaðarmanna á höfuðborgarsvæðinu að meðaltali 653 krónur, sem er 7,4% hækkun frá sama ársfjórðingi fyrra árs. Mæld hækkun er því 2,8% umfram lágmarkshækkun kjarasamninga. Þessa umframhækkun má t.d rekja til sérákvæða í kjarasamningum, starfsaldurshækkana, tilflutnings fólks á milli starfa og launaskriðs. Samburður á launaþróun málmíðnaðarmanna sem voru í úrtaki nefndarinnar bæði á 1. ársfj. 1995 og 1. ársfj. 1996 sýnir 6,5% hækkun að meðaltali.

Greitt tímakaup málmíðnaðarmanna utan höfuðborgarsvæðisins mældist að meðaltali 627 kr. á 1. ársfj. 1996, sem er 6,8% hækkun frá sama tímabili fyrra árs. Samanburður á launaþróun einstaklinga sem voru einnig í úrtaki nefndarinnar á 1. ársfj. 1995 sýnir 5,8% hækkun.

Tafli 1.5 Greitt tímakaup málmíðnaðarmanna og breyting frá ársfjórðingnum á undan	Málmíðnaðarmenn			
	höfuðborgarsvæði		landsbyggð	
	Greitt tímakaup	Breyt. %	Greitt tímakaup	Breyt. %
1. ársfj. 1995	608	0,0%	587	-1,0%
2. ársfj. 1995	630	3,6%	605	3,1%
3. ársfj. 1995	661	4,9%	606	0,2%
4. ársfj. 1995	684	3,5%	611	0,8%
1. ársfj. 1996	653	-4,5%	627	2,6%
Samtals hækkun		7,4%		6,8%


2 Úrtak Kjararannsóknarnefndar

Niðurstöður úrtakskönnunar Kjararannsóknarnefndar á 1. ársfj. 1996 byggja á úrtaki 8.611 einstaklinga sem störfuðu hjá 86 fyrirtækjum. Til samanburðar bárust upplýsingar frá 98 fyrirtækjum á 1. ársfj. 1995, en þá voru 10.536 einstaklingar í úrtakinu. Á 4. ársfj. 1995 fékk nefndin upplýsingar um 10.335 einstaklinga frá 94 fyrirtækjum. Smækkun úrtaksins má rekja til þeirra breytinga sem standa yfir hjá nefndinni varðandi gagnasöfnun, sbr. umfjöllun í kafla 1.

Af fyrirtækjunum 86 sem skiluðu inn gögnum núna, skiluðu 81 fyrirtæki einnig gögnum á 1. ársfj. 1995 og 82 einnig á 4 ársfj. 1995.

Tafla 2.1 Skipting úrtaksins í starfsstéttir og atvinnugreinar á 1. ársfj. 1996							
Starfsstéttir	Atvinnugreinar						Samtals
	Fisk- iðnaður	Annar iðnaður	Bygg- starfsemi	Sam- Verslun	göngur	Annað	
Verkakarlar	524	1.111	148	608	289	99	2.779 32%
Verkakonur	629	398	25	397	7	809	2.265 26%
Iðnaðarmenn	35	433	106	72	5	128	779 9%
Afgr.karlar	8	63	7	531	3	8	620 7%
Afgr.konur	14	49	0	1.131	8	0	1.202 14%
Skrifst.karlar	6	72	6	127	58	20	289 3%
Skrifst.konur	11	179	10	209	245	23	677 8%
Samtals	1.227	2.305	302	3.075	615	1.087	8.611
	14%	27%	4%	36%	7%	13%	100%

Úrtakinu er skipt í fjórar starfsstéttir, þ.e. verkafólk, iðnaðarmenn, afgreiðslufólk og skrifstofufólk og er þeim skipt eftir kynjum að iðnaðarmönnum fráttöldum. Niðurstöður könnunarinnar eru því dregnar saman fyrir samtals 7 hópa. Kjararannsóknarnefnd er nú með upplýsingar um 2.779 verkakarla og 2.265 verkakonur, sem eru 58% úrtaksins. Úrtakið endurspeglar ágætlega verkafólk á almenna vinnumarkaðnum vegna þess hve úrtakið er stórt (sjá töflu 2.1) og það gefur gott yfirlit yfir kaup í helstu atvinnugreinum. Kjararannsóknarnefnd er einnig með allgóðar upplýsingar um iðnaðarmenn og afgreiðslukonur. Aftur á móti eru upplýsingar um afgreiðslukarla og skrifstofufólk ekki eins traustar. Ástæður eru einkum tvær. Annars vegar eru færri í þessum starfsstéttum í úrtaki og hins vegar eru afgreiðslukarlar og skrifstofufólk sundurleitari hópar en verkafólk, iðnaðarmenn og afgreiðslukonur. Það þýðir að munur á einstaklingum innan hvers hóps er meiri, sem leiðir til þess að launadreifingin er meiri. Úrtakssveiflur geta því haft meiri áhrif á niðurstöður hjá afgreiðslukörnum og skrifstofufólki en hjá verkafólki, iðnaðarmönnum og afgreiðslukönnum.



Viktar

Breytingar á samsetningu úrtaksins milli kannana valda því að fjöldi einstaklinga í hverri starfsstétt og atvinnugrein er mismikill og þar af leiðandi vægi þeirra mismunandi í heildarniðurstöðum. Til að sjá við þessu hafa verið útbúnar sérstakar vogir fyrir starfsstéttir og atvinnugreinir, byggðar á gögnum Ríkisskattstjóra um unnar vinnuvikur launþega. Þessar vogir eru notaðar þannig að þegar laun ákveðinnar starfsstéttar, t.d. verkakarla, eru reiknuð út þá eru þau byggð á meðallaunum verkakarla í fiskiðnaði með því vægi sem gögnin segja til um að sé vægi þeirra af öllum verkakörnum. Síðan bætast við meðallaun verkakarla í matvælaíðnaði með sínu vægi og svo koll af kolli. Formúla fyrir vegið meðaltal tímakaups, innan hverrar starfsstéttar, er:

$$\sum_{i=1}^n v_i * x_i$$

þar sem meðaltal tímakaups í atvinnugrein er táknað með x_i og vægi atvinnugreinarinnar er táknað með v_i .

Þegar heildarniðurstaða um laun ASÍ-landverkafólks er fundin út eru niðurstöðurnar fyrir starfsstéttirnar vegnar saman með vogum sem fram koma í töflu 1.1, þ.e. verkakarlar vega 33% í niðurstöðunni o.s.frv. Með notkun þessara voga, sem alltaf eru eins milli kannana, er ætlunin að draga úr áhrifum úrtakssveiflna. Formúla fyrir vegið meðaltal tímakaups ASÍ-landverkafólks er:

$$\sum_{j=1}^m w_j * y_j$$

þar sem y_j táknar tímakaup í starfsstétt og w_j táknar vægi starfsstéttarinnar. Þrátt fyrir þessar aðferðir eru niðurstöður sveiflukenndar eins og eðlilegt er í úrtakskönnunum.

Deiliúrtök

Niðurstöður fréttabréfsins byggja á nokkrum úrtökum. **Úrtakið** gefur til kynna hvaða laun eru greidd á vinnumarkaðnum á hverjum tíma. Úrtakið endurspeglar árstíðasveiflur í kaupum og vinnutíma á vinnumarkaðnum, þar sem árstíðir setja svip sinn á samsetningu vinnuaflds og atvinnuástand. Af þeirri ástæðu hefur skapast sú hefð að bera kaup og vinnutíma saman við sama ársfjórðung ársins á undan. Úrtakið gefur vísbendingu um launagreiðslur á hverjum tíma og um launabróun yfir nokkurra ára tímabil.

Tafla 2.2		Skipting deiliúrtaka í starfsstéttir á 1. ársfj. 1996		
Starfsstéttir	Parað við 1. ársfj. '95		Úrtak fólks í fullu starfi á 1. ársfj. '96	
Verkakarlar	1.749	63%	1.164	42%
Verkakonur	1.346	59%	521	23%
Iðnaðarmenn	615	79%	529	68%
Afgr.karlar	394	64%	333	54%
Afgr.konur	632	53%	240	20%
Skrifst.karlar	204	71%	200	69%
Skrifst.konur	508	75%	344	51%
Samtals	5.448	63%	3.331	39%

Gera má ráð fyrir að launasveiflur séu almennt meiri á vinnumarkaðnum eftir árstíma en hjá einstökum launþegum sem eru í vinnu allt árið. Meðal annars af þeim sökum birtir Kjararannsóknarnefnd einnig upplýsingar um launabreytingar sömu einstaklinga milli tveggja tímabila. Þetta úrtak kallast **parað úrtak**. Launabreytingar í þöruðu úrtaki gefa vísbendingu um launabreytingar þeirra sem hafa ekki skipt um vinnu á tímabilinu. Hins vegar gefur paraða úrtakið ekki mynd af launabreytingum á öllum vinnumarkaðnum vegna þess að í paraða úrtakinu er ekki tekið tillit til launabreytinga innan fyrirtækja vegna starfsloka og nýráðninga, né vegna tilkomu nýrra fyrirtækja á vinnumarkaðinn. Parað úrtak gefur því vísbendingu um launabreytingar einstaklinga yfir stutt tímabil.

Á hverjum ársfjórðungi er parað við sama ársfjórðung síðasta árs. Af þeim sem eru í úrtakinu nú voru 5.488 einstaklingar einnig í úrtakinu á 1. ársfj. 1995. Þetta gerir 63% af úrtaksstærðinni nú (sbr. töflu 2.2).

Vinnutímamælingar Kjararannsóknarnefndar miðast eingöngu við fólk í **fullu starfi**, þ.e. fólk sem vinnur fleiri en 400 dagvinnustundir á ársfjórðungi. Hér er um að ræða fólk sem er í hærra starfshlutfalli en 75%. Vinnutími er því reiknaður út frá sérstöku deiliúrtaki fólks í fullu starfi (sjá töflu 2.2).

3 Tímakaup

Miklar breytingar standa nú yfir hjá Kjararannsóknarnefnd varðandi gagnasöfnun og úrvinnslu upplýsinga um laun og vinnutíma. Vegna breytinganna mun verða veruleg röskun á gagnasöfnun. Á yfirstandandi ári mun nefndin því einungis birta upplýsingar um laun og launabreytingar helstu starfsstétta, eftir því sem kostur er.

Helstu hækkanir kauptaxta á tímabilinu frá 1. ársfj. 1995 til 1. ársfj. 1996 voru:

Þann 21. febrúar 1995 var undirritaður kjarasamningur milli ASÍ og VSÍ/VMS til tveggja ára. Samkvæmt samningnum hækkuðu allir launataxtar um 2.700 kr. á mánuði við undirritun. Að auki hækkuðu laun undir 84.000 kr. á mánuði sérstaklega, um allt að 1.000 kr. samkvæmt ákveðnum reiknireglum. Þessi sérstaka hækkun miðast við föst laun fyrir dagvinnu, að meðtalinni yfirborgun.

Þann 1. janúar 1996 hækkuðu laun skv samningnum um 2.700 kr. hjá félagsmönnum VMSÍ, LV, VR, LI og ÞÍ og um 3% hjá félagsmönnum í Samiðn, Sambandi iðnfélaga og RSÍ.

Samið var um óbreyttar launabætur og orlofsuppbót (kr. 8.000). Launabætur skal greiða í maí og desember til þeirra sem höfðu lægri meðalmánaðarlaun en 80.000 kr. á þriggja mánaða tímabili. Launabætur reiknast sem helmingur af mismun á 80.000 kr. og mánaðarlaunum viðkomandi. Samkvæmt samningnum skyldi desemberuppbót haldast óbreytt árið 1995, kr. 13.000, en hækka í kr. 15.000 í desember 1996. Samningsaðilar mátu meðalhækkun allra launa sem 6,9% á samningstímanum.

Launanefnd sammingsaðila kom saman í nóvember 1995 til að meta hvort frávik hefðu orðið á forsendum sammingsins. Samkomulag varð um að desemberuppbót hækkaði úr kr. 13.000 í kr. 20.000 í desember 1995 og úr kr. 15.000 í kr. 24.000 í desember 1996 og verði það þaðan í frá. Desemberuppbót iðnnema er kr. 13.000 á árinu 1995 og kr. 15.000 á árinu 1996.

Athuga þarf að atvinnugreinavogir geta valdið því að nokkur munur verður á veginu meðaltali og einföldu meðaltali fyrir landið í heild.

Tafla 3.1 a										
Verkakarlar á höfuðborgarsvæði										
Tímakaup og vinnutími á 1. ársfj. 1996										
Starfsgreinar	Þús. vst.	Vinnu- tími á viku	Hreint tíma- kaup	Greitt tímakaup í dagvinnu				Meðal- tíma- kaup	Greidd dagv.l. á mán.	Heildar- mán.- laun
				neðri fjórð.	mið- gildi	meðal- tal	efri fjórð.			
Hafnarvinna	44	50,3	398	474	501	503	517	603	87.200	131.500
Verksmiðjuvinna	101	45,7	508	462	497	555	610	622	96.300	123.300
Bífreiðastjórn	80	52,3	438	441	490	491	532	583	85.000	132.100
Samtals	496	48,1	469	433	493	504	554	572	87.400	119.300

Tafla 3.1 b										
Verkakarlar utan höfuðborgarsvæðis										
Tímakaup og vinnutími á 1. ársfj. 1996										
Starfsgreinar	Þús. vst.	Vinnu- tími á viku	Hreint tíma- kaup	Greitt tímakaup í dagvinnu				Meðal- tíma- kaup	Greidd dagv.l. á mán.	Heildar- mán.- laun
				neðri fjórð.	mið- gildi	meðal- tal	efri fjórð.			
Fiskvinna	182	55,0	359	474	506	510	555	612	88.400	145.900
Hafnarvinna	14	58,0	406	419	465	470	491	588	81.400	147.800
Byggingarvinna	28	49,0	406	361	379	407	434	468	70.500	99.400
Verksmiðjuvinna	115	48,3	439	399	444	471	500	543	81.600	113.800
Bífreiðastjórn	72	56,2	415	381	405	425	456	521	73.600	126.800
Samtals	721	51,6	425	403	464	476	525	577	82.500	128.900
Samtals á öllu landinu	1216	50,2	441	412	474	485	538	575	84.100	125.100
Vegið meðaltal	1217	51,4	438	---	---	485	---	577	84.100	128.400

Tafla 3.2 a										
Verkakonur á höfuðborgarsvæði										
Tímakaup og vinnutími á 1 ársfj. 1996										
Starfsgreinar	Þús. vst.	Vinnu- tími á viku	Hreint tíma- kaup	Greitt tímakaup í dagvinnu				Meðal- tíma- kaup	Greidd dagv.l. á mán.	Heildar- mán.- laun
				neðri fjórð.	mið- gildi	meðal- tal	efri fjórð.			
Ræstingar	30	42,9	425	374	432	425	468	458	73.700	85.200
Verksmiðjuvinna	32	40,9	384	388	407	438	478	448	76.000	79.400
Samtals	172	41,4	408	381	417	420	447	452	72.800	81.100

Tafla 3.2 b										
Verkakonur utan höfuðborgarsvæðis										
Tímakaup og vinnutími á 1. ársfj. 1996										
Starfsgreinar	Þús. vst.	Vinnu- tími á viku	Hreint tíma- kaup	Greitt tímakaup í dagvinnu				Meðal- tíma- kaup	Greidd dagv.l. á mán.	Heildar- mán.- laun
				neðri fjórð.	mið- gildi	meðal- tal	efri fjórð.			
Fiskvinna	221	48,8	338	485	506	495	528	567	85.800	119.900
Ræstingar	59	43,2	407	390	426	413	442	468	71.700	87.600
Verksmiðjuvinna	28	43,7	400	409	430	453	485	472	78.600	89.300
Samtals	541	45,4	373	406	459	447	508	516	77.400	101.600
Samtals á öllu landinu	714	44,2	381	396	438	439	502	501	76.200	96.000
Vegið meðaltal	714	45,1	375	---	---	454	---	510	78.600	99.700

Tafla 3.3 a		Iðnaðarmenn á höfuðborgarsvæði Tímakaup og vinnutími á 1. ársfj. 1996								
Starfsgreinar	Þús. vst.	Vinnu- tími á viku	Hreint tíma- kaup	Greitt tímakaup í dagvinnu				Meðal- tíma- kaup	Greidd dagv.l. á mán.	Heildar- mán.- laun
				neðri fjórð.	mið- gildi	meðal- tal	efri fjórð.			
Málmsmiðar	64	52,6	643	596	644	653	739	779	113.200	177.500
Trésmiðar	17	48,6	560	512	535	565	632	636	97.900	133.700
Bifvélavirkjun	36	45,6	663	649	703	707	754	778	122.500	153.600
Rafvirkjun	12	48,8	627	573	664	657	718	759	113.800	160.500
Kjötiðnaður	11	47,2	623	591	602	652	722	728	113.000	148.800
Samtals	183	49,0	664	596	669	684	756	787	118.500	167.100

Tafla 3.3 b		Iðnaðarmenn utan höfuðborgarsvæðis Tímakaup og vinnutími á 1. ársfj. 1996								
Starfsgreinar	Þús. vst.	Vinnu- tími á viku	Hreint tíma- kaup	Greitt tímakaup í dagvinnu				Meðal- tíma- kaup	Greidd dagv.l. á mán.	Heildar- mán.- laun
				neðri fjórð.	mið- gildi	meðal- tal	efri fjórð.			
Málmsmiðar	83	52,1	625	585	611	627	655	766	108.600	173.100
Trésmiðar	11	46,5	604	589	598	604	602	672	104.600	135.500
Bifvélavirkjun	22	42,1	627	546	601	630	630	662	109.100	120.800
Rafvirkjun	35	54,2	628	590	637	631	654	773	109.400	181.600
Kjötiðnaður	9	46,4	674	567	656	677	775	755	117.400	151.900
Samtals	236	50,9	622	571	611	629	675	753	109.100	166.100
Samtals á öllu landinu	419	50,1	639	579	629	652	715	768	113.100	166.700
Vegið meðaltal	419	48,0	658	---	---	664	---	758	115.100	157.700

Tafla 3.4 a										
